

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 18. mars 2021

**Mál nr. S-2911/2020:**

**Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**

*(Vilhjálmur Reyр Pórhallsson aðstoðarsaksóknari)*

**gegn**

**Björgvini Viktori Þórðarsyni**

*(Ómar Örn Bjarnþórsson lögmaður)*

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 17. febrúar sl., var höfðað með ákæru, útgefinni af lögrelustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 28. apríl 2020, á hendur: „Björgvini Viktori Þórðarsyni, kt. [...], [...],

### I.

Fyrir peningþvætti en hylmingu til vara með því að hafa um nokkurt skeið fram til mánudagsins 31. júlí 2018 tekið við og haft í vörslum sínum við [...], Kópavogi, sérsmíðaða gröfuskóflu sem ákærða hlaut að hafa verið ljóst að hafi verið aflað með refsiverðum hætti en gröfuskóflunni hafði verið stolið fyrir utan verkstæði [...] ehf., kt. [...], að [...], Garðabæ, einhvern tímann á tímabilinu frá 1. til 31. maí 2018.

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en til vara við 1. mgr. 254. gr. sömu laga.

*Mál [...]*

### II.

Fyrir peningþvætti en hylmingu til vara með því að hafa um nokkurt skeið fram til fimmtudagsins 27. september 2018 tekið við og haft í vörslum sínum við [...], Garðabæ, tvo vökvaflæya sem ákærða hlaut að hafa verið ljóst að hafi verið aflað með refsiverðum hætti. Annar flægurinn sem var af gerðinni FRD Furukawa FXJ-125, raðnúmer [...], var í eigu fyrirtækisins [...] ehf., kt. [...], og hafði verið stolið af lóð fyrirtækisins við [...]

Mjódd þann 16. september 2018. Hinn fleygurinn sem var af óþekktri tegund með raðnúmerið [...] var í eigu fyrirtækisins [...] ehf., kt. [...], og hafði verið stolið á vinnusvæði fyrirtækisins við [...], Reykjavík, nokkrum mánuðum áður.

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en til vara við 1. mgr. 254. gr. sömu laga.

*Mál [...]*

### III.

Fyrir misnotkun skjals með því að hafa mánudaginn 10. júní 2019 í blekkingarskyni haft skráningarnúmer bifreiðarinnar [...] á bifreið sinni [...] sem ákærði ók í umrætt sinn eftir Hringbraut, Reykjavík.

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 157. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940

*Mál [...]*

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Vegna ákæruliðar II. hefur A, framkvæmdarstjóri [...] ehf., kt. [...], fyrir hönd [...] ehf., lagt fram skaðabótakröfu þar sem gerð er krafa um að Björgvini Viktori Þórðarsyni, kt. [...], verði gert að greiða [...] ehf. skaðabætur að fjárhæð 479.052 kr. vegna tjóns sem varð á vökvaflæg fyrirtækisins auk vaxta, samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 15. ágúst 2018 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.“

Upphaflega stóð til að aðalmeðferð málsins færi fram 12. október 2020 en vegna farsóttar og sóttvarnarráðstafana yfirvalda er þá voru í gildi var henni frestað.

Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af 1. og 2. ákærulið en til vara dæmdur til vægustu refsingar er lög leyfa og þá einnig vegna 3. ákæruliðar og að dæmd refsing verði að öllu leyti skilorðsbundin. Hann krefst þess að bótakröfu A verði vísað frá dómi, til vara að ákærði verði sýknaður af henni en til þrautavara að bætur verði verulega lækkaðar. Þá krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins, sem greiðist úr ríkissjóði.

## I

### *Málsatvik*

Hvað varðar þau atvik er greinir í I. kafla ákæru þá barst lögreglu 31. júlí 2018 tilkynning um að eigandi gröfuskóflu, sem tekin var ófrjálsri hendi í maí 2018, vitnið B, hefði fundið hana við [...] í Kópavogi. Um væri að ræða sérsníðaða skóflu sem væri sú eina sem fyrirtæki vitnisins, [...] ehf., hefði smíðað síðustu átta ár. Skóflan hefði verið tilbúin til afhendingar í maí og verið geymd utandyra við vélsmiðjuna við [...] í Garðabæ en horfið þaðan. Þjófnaðurinn hefði ekki verið tilkynntur á sínum tíma þar sem þau hefðu talið að kaupandi skóflunnar hefði sótt hana en svo reyndist ekki vera. Hefði ætlun þeirra verið að kanna hvort einhver hefði tekið skófluna í misgripum. Vitnið C, sem smíðaði skófluna sem er með áletrunina [...], hefði svo séð hana við Dalaping kvöldið áður. Sagði vitnið B lögreglu að verðmæti skóflunnar nýrrar hafa verið um 650.000 krónur. Skóflan reyndist vera áföst gröfu í eigu ákærða. Af hálfu lögreglu var haft samband við ákærða símleiðis. Var honum kynnt réttarstaða sakbornings áður en hann tjáði sig um atvik. Kvaðst hann ekki hafa stolið skóflunni heldur keypt hana á Facebook-síðu.

Við rannsókn málsins var tekin skýrsla af vitninu B og var framburður hennar í samræmi við framangreint. Einnig kom fram hjá henni að sérstakar festingar hefðu verið settar á skófluna að beiðni væntanlegs kaupanda og vörumerki þeirra [...] verið soðið í skófluna. Þá sagði hún ákærða hafa skilað skóflunni til þeirra.

Í framburði ákærða hjá lögreglu kom fram að hann væri með atvinnurekstur og væri með þrjár gröfu. Hann hefði auglýst eftir gröfuskóflu og fleygum á Facebook-síðu þar sem slík tæki og tól ganga kaupum og sölum. Sagði hann að auglýsinguna væri hægt að sjá á Facebook. Kvaðst ákærði hafa keypt skófluna af manni sem hringdi í hann vegna auglýsingarinnar og greitt fyrir hana 300.000 krónur í reiðufé án þess að fá kvittun fyrir. Sá hefði komið með skófluna heim til hans á kerru og afhent honum. Hann vissi ekki um nafn mannsins eða hvernig komast mætti í samband við hann en taldi viðskiptin sem slík ekki óeðlileg.

Fyrir liggur verðmat D vegna skóflunnar ásamt ljósmynd af henni. Miðaði hann matið við ástand skóflunnar þegar hún fannst og taldi hann verðmæti hennar vera 263.500 krónur auk virðisaukaskatts.

Hvað varðar þau atvik sem greinir í II. kafla ákæru þá var lögregla 27. september 2018 kölluð að [...] í Garðabæ vegna vökvaflæygs sem þar fannst og var talinn vera þýfi.

Reyndust vera þar þrír fleygar sem talið var að hefði verið stolið frá eigendum, m.a. þeir tveir sem tilgreindir eru í II. kafla ákæru. Annar þeirra var af gerðinni FRD Furukawa FXJ-125, raðnúmer [...], og var talið að honum hefði verið stolið af lóð fyrirtækisins [...] ehf. við [...] í Mjódd og hinn fleygurinn, af óþekktri tegund með raðnúmerið [...], af vinnusvæði fyrirtækisins [...] ehf. við Súðavog, Reykjavík. [...] ehf., vitnið E, sagði fleyginn hafa verið tekinn 16. september 2018, en þann dag hefði hann tekið eftir hjólförum eftir Komatsu gröfu á vinnusvæðinu. Eftirgrennslan hans hefði leitt í ljós að einhver hefði farið í [...] til að fá leiðbeiningar um það hvernig stilla ætti fleyginn á hjólagröfu. Þá ræddi lögregla við vitnið A, [...] ehf., á vettvangi. Sagði hann fleygnum hafa verið stolið um tveimur mánuðum fyrr frá [...]. Verktaki á vettvangi vísaði á ákærða sem undirverktaka sinn og sagði fleygana vera þarna á vegum ákærða.

Í skýrslu sinni hjá lögreglu kvaðst ákærði hafa keypt vökvaflýgana af manni sem hafði samband vegna auglýsingar sem ákærði birti á Facebook og ekki hafa vitað að fleygarnir væru stolnir. Maðurinn hefði kynnt sig sem skiptastjóra í þrotabúi og sagt að hann væri að selja muni úr búinu, meðal annars fleygana. Fullyrti ákærði að hann hefði átt að borga 3.500.000 krónur fyrir þá en reikningur vegna kaupanna hefði aldrei borist. Tveimur dögum eftir að hann fékk fleygana afhenta hefðu þeir verið teknir af honum er upp komst að þeir væru stolnir. Kvaðst hann hafa verið nýbyrjaður að starfa við jarðvegsvinnu og ekkert þekkja til númera á tækjum. Þá kvaðst hann hafa leitað ráða hjá [...] um það hvernig tengja ætti fleyginn og hafði hann farið þangað með fleyginn.

Við rannsókn málsins var tekin skýrsla af vitninu A og er framburður hans þar í samræmi við framangreint. Þá liggja fyrir ljósmyndir af vettvangi, m.a. af gröfu ákærða og fleygum, útprentun af forsíðu á Facebook-síðunum „vinnuvélar & vörubílar“ og „beltagröfur (og annars konar gröfur), til sölu/óskast“ og útprentun af skilaboðum af síðu F þar sem sjá má umræðu um ætlaða þjófnaði ákærða.

## II

### *Framburður ákærða og vitna fyrir dómi*

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna fyrir dómi að því marki sem nauðsynlegt er til úrlausnar málsins.

Ákærði neitaði sök hvað varðar I. ákærulið. Hann kvaðst hafa auglýst á Facebook eftir gröfuskóflu til kaups og maður þá haft samband við hann og boðið honum skóflu. Kvaðst hann hafa spurt manninn hvaða tengi væri á skóflunni, en þau séu mismunandi

eftir gröfum, og verið sagt að tengið væri „S60“ og hafi ákærði talið að það passaði. Kaupverð skóflunnar var 300.000 krónur sem hefði verið hálfvirði miðað við nýja skóflu og ákærði talið það vera eðlilegt verð. Kvaðst ákærði á þessum tíma hafa verið búinn að vera í jarðvegsvinnu í um tvo mánuði en hafa átt gröfuna í um tvö ár. Hefði hann lítið vitað um raðnúmer og taldi ekki óeðlilegt þó þau vantaði á tæki vegna notkunar þeirra. Ákærði kvaðst ekki muna hvert var nafn seljanda skóflunnar enda langt um liðið og hann geti ekki lengur fundið upplýsingar um hann í síma sínum en öll þeirra samskipti hefðu verið í símtölum. Hann hefði sýnt lögreglu færslur á Facebook þar sem hann auglýsti eftir gröfuskóflu en ekki hefði verið óskað eftir frekari gögnum frá honum eða eftir því að skoða síma hans. Kvaðst ákærði hvorki hafa gert kaupsamning né fengið greiðslunótu vegna kaupanna en kaupverðið greiddi hann í reiðufé í júní eða júlí 2018. Fullyrti ákærði að skóflan hefði verið notuð og nokkuð slitin þegar hann fékk hana afhenta. Kvaðst hann ekkert hafa hugsað út í það að skóflan var merkt [...]. Hann hafi haft skófluna til umráða í um mánuð áður en lögregla bað hann að skila henni. Eftir það hafi hann ekki reynt að hafa samband við þann sem seldi honum skófluna. Þá sagði ákærði að eftir að skóflan fannst hjá honum hefði vitnið B, á Facebook, sakað hann um að vera „raðþjófur“.

Ákærði neitaði einnig sök hvað varðar II. ákærulið. Hann kvaðst hafa auglýst eftir vökvaflögum á Facebook, og maður sem hann muni ekki nafnið á, haft samband og boðist til að selja honum þrjá vökvaflög úr þrotabúi á 3.500.000 krónur. Maðurinn sagðist vera skiptastjóri en hann hafi engar aðrar upplýsingar um hann en þeir hefðu rætt saman í einkaskilaboðum. Kvaðst hann ekki hafa haft ástæðu til að efast um þetta og fundist verðið eðlilegt. Maður hefði síðan komið með flögana á vörubifreið og afhent honum og sagt að honum yrði síðar sendur reikningur með greiðslufresti. Sá reikningur hefði aldrei borist honum en einum eða tveimur dögum síðar kom í ljós að flögarnir voru stolnir og lögreglan lagði hald á þá. Fullyrti ákærði að í kjölfarið hefði samtali hans við seljanda á Facebook verið eytt án þess að hann vissi hvernig. Fullyrti ákærði að flögarnir hefðu ekki verið tilkynntir stolnir og hann því ekki getað vitað af því jafnvel þó að hann hefði reynt að afla sér upplýsinga um það. Þá kvaðst hann enga ástæðu hafa haft til að gruna að um stolinn varning væri að ræða og ekki reynt að halda því leyndu að hann hefði vökvaflögana til umráða. Þá hafi hann strax farið að nota þá á verkstað þar sem fleiri aðilar voru að vinna. Meðal annars fór hann með annan þeirra til [...] til að fá aðstoð við að tengja hann við sína gröfu. Þetta hefði verið 26. september eða um

tveimur mánuðum eftir að það mál sem greinir í I. ákærulið kom upp. Hann hefði keypt fleygana óséða og hafi þeir reynst virka og litið vel út.

Ákærða var kynnt að A, eigandi fleygs af óþekktri gerð með raðnúmerið [...], hafi sagt lögreglu að búið hefði verið að setja nýjar festingar á fleyginn og að stilla þurfi fleyg inn á þá gröfu sem hann er settur á. Sagði ákærði þá að hann hefði smellt fleygunum beint á gröfuna og engar ráðstafanir þurft að gera og það hefði virkað. Fleygarnir sem hann keypti af manningnum voru þrír og þeir pössuðu allir hver á sína vélina. Einnig kvaðst ákærði ekkert hafa séð sem bendi til þess að þeir aðilar sem fleygunum var skilað til væru eigendur þeirra. Þá sagði ákærði að hann hefði lagt fram skilaboð af síðu F, félaga síns, sem hefði verið að aðstoða hann þegar hann auglýsti. Lögregla skoðaði ekki síma hans við rannsókn málsins en hann sýndi þeim nokkrar færslur þar sem hann var að óska eftir tækjunum. Þá sagði ákærði að á Facebook-síðunum „vinnuvélar & vörubílar“ og „beltagröfur, til sölu/óskast“ séu auglýst öll tæki til sölu sem tengjast jarðvinnu.

Að loknum skýrslutökum af vitnum óskaði ákærði eftir því að gefa skýrslu á ný. Kvaðst hann vera þess fullviss að festingar á skófluna væru „S60“ sem séu algeng tengi en ekki Komatsu-tengi. Þá sagði hann ákveðna krana vera á vélunum sem þurfi að opna fyrir áður en byrjað er að nota fleyga. Hann hefði ekki sent starfsmann sinn í [...] til að fá aðstoð við stillingar ef hann hefði vitað að tækið væri stolið. Kvaðst hann ekki hafa vitað að það þyrfti að stilla fleygana áður en byrjað er að nota þá. Loks kveðst hann ekki geta séð þá hálfmána sem vitnið C vísaði til á myndum af skóflunni en hún sé með „suðuvillu“ sem vitnið hefði ekki minnst.

Vitnið B, framkvæmdastjóri [...], sagði þau framleiða gröfuskóflur og eiga vörumerkið [...]. Hún kvaðst hafa tekið á móti ákærða sumarið 2018 þegar hann var að spyrjast fyrir um ákveðnar tegundir af gröfuskóflum og þá sýnt honum gröfuskóflu sem hafði verið smíðuð fyrir tiltekinn viðskiptavin og hvarf síðar af stæði við fyrirtækið. Vitnið kvaðst í fyrstu hafa haldið að viðskiptavinurinn hefði sótt skófluna þar sem hún var geymd á stæði fyrirtækisins. Þegar hún ætlaði að krefja hann um greiðslu um mánuði síðar sagðist hann aldrei hafa sótt skófluna og hefði vitnið þá gert ráð fyrir að hún mundi „dúkka upp“. Um mánuði síðar barst henni símtal frá [...], sem smíðaði skófluna, sem sagðist hafa séð hana á vinnusvæði. Hann hefði í kjölfarið haft samband við verktakann sem var með skófluna, ákærða, sem kvaðst hafa keypt hana í gegnum Facebook. Kvaðst vitnið hafa farið á vinnusvæðið degi síðar, kallað til lögreglu og lagt fyrir hana gögn um að þetta væri eina gröfuskóflan með þessari tilteknu festingu sem fyrirtækið hefði smíðað

á síðustu átta árum. Um sé að ræða Komatsu 140 festingar sem séu ekki algengar en ekki S60 festingar. Vitnið hefði því ekki verið í vafa um að um sömu skófluna var að ræða þó að búið væri að plokka raðnúmer af henni. Þá sagði vitnið að viðskipti með notaðar skóflur séu alltaf á sömu síðu en séu venjulega seldar með gröfum. Taldi vitnið útilokað að ákærði hefði keypt skófluna á 300.000 krónur þar sem hún hefði verið ný og sem slík kostaði skóflan 580.000 krónur. Þá var skóflan lítið slitin þegar hún fékk hana til baka og seldi á 380.000 krónur. Kvaðst hún hafa kært þjófnað á skóflunni til lögreglu eftir að hún hafði uppi á henni og skilaði ákærði henni skóflunni að tilmælum lögreglu. Sjálf fylgist hún stöðugt með sölusíðum á Facebook, eins og síðunni „atvinnutæki og vinnuvélar til sölu“ og hefði orðið þess vör ef skóflan hefði verið auglýst til sölu en svo var ekki. Með framleiðslunúmeri skóflu sé hægt að fá upplýsingar um kaupanda hjá framleiðanda.

Vitnið C, hönnuður og [...], kvaðst hafa verið á ferðinni í Kópavogi og þá séð gröfuskóflu sem hafði einhverjum vikum áður horfið frá plani fyrirtækisins en hann þá haldið að viðskiptavinur hefði sótt hana. Vissi hann ekki nákvæmlega hvenær skóflan hvarf en a.m.k. einhverjum vikum áður. Sagði hann skófluna vera sérstaka smíði þar sem gerðar hefðu verið breytingar á henni, að beiðni væntanlegs kaupanda, sem hann hefði ekki gert áður á svona skóflu, m.a. sett „hálfmána á eyrun á skóflunni“ sem væru mjög áberandi. Hafi hann því ekki verið í vafa um að þetta væri skóflan. Í kjölfarið aflaði hann sé upplýsinga um það hver væri að nota gröfuna sem skóflan var á og reyndist það vera ákærði. Ákærði sagði honum að hann hefði keypt skófluna á Facebook og átti erfitt með að trúa því að um stólinn mun væri að ræða. Vitnið kvaðst hafa haft samband við [...], vitnið B, í kjölfarið, sem hafði samband við lögreglu. Fullyrti vitnið að skóflan hefði ekki verið mikið slitin þegar hann fann hana. Notaðar skóflur væru almennt seldar á hálfvirði og sé 300.000 krónur ekki óeðlilegt verð fyrir svona skóflu, notaða. Þá sagði vitnið að tengið á skóflunni væri ekki af gerðinni S60 sem sé heiti á Volvo-festingu.

Lögreglumaður nr. [...] sagði tilkynningu hafa borist um að stólin skófla hefði fundist. Á vettvangi var eigandi skóflunnar sem benti á hana þar sem hún var áföst gröfu. Sagði hann skóflunni hafa verið stolið fyrir einhverjum mánuðum síðan og hann haldið að væntanlegur kaupandi hefði tekið hana. Hann sagði einnig að skóflan væri sérsmíðuð og færi því ekki milli mála að þetta var þeirra skófla. Væri þetta eina svona skóflan sem vélsmiðjan hefðu smíðað í átta ár. Þeir hefðu þá hringt í eiganda gröfunnar sem kvaðst hafa keypt skófluna á Facebook. Þeir hafi ekki haft tök á því að haldleggja skófluna og

eigandi gröfunnar ætlað að gera ráðstafanir til að skila skóflunni. Skóflan var merkt „[...]“ og tilkynnandi var starfsmaður fyrirtækisins en hún hefði ekki að öðru leyti gert grein fyrir eignarétti sínum.

Lögreglumaður nr. [...] kvaðst hafa komið á vettvang ásamt lögreglumanni nr. [...]. Aðkoma vitnisins að málinu hefði verið takmörkuð og hafi lögreglumaður nr. [...] rætt við vitni og ritað frumskýrslu málsins.

Lögreglumaður nr. [...] kvaðst, ásamt lögreglumanni nr. [...], hafa verið kallaður að iðnaðarsvæði í Urriðaholti vegna vökvaflæygis sem hefði fundist þar og var talinn vera stolinn. Þar ræddi hann við mann sem sagðist eiga flæyginn sem hefði horfið af geymslusvæði í Mjódd nokkrum dögum áður og hefði hann um það leyti tekið eftir förum eftir dekk á gröfu við geymslustað flæygisins. Sá hefði frétt að einhver hefði haft samband við [...] og spurt um tengingar vegna flæyga. Þá hefði annar maður mætt á svæðið og gefið upp raðnúmer á horfnum vökvaflæyg sem einnig passaði við annað tæki sem þar var. Í ljós kom að flæygarnir voru á svæðinu á vegum ákærða. Báðir mennirnir hefðu sýnt gögn því til stuðnings að flæygarnir væru eign þeirra og samrýmdist raðnúmer flæyganna þeim gögnum.

Vitnið E, [...] ehf., kvaðst hafa uppgötvað það 18. september 2018 að búið væri að stela vökvaflæyg af vinnusvæði fyrirtækis hans í Mjódd og að líklega hefði hann verið tekinn tveimur dögum áður. Eftir að hann varð var við að flæygurinn, sem var að gerðinni FRD125 með raðnúmerið [...], var horfinn, hafði vitnið samband við þjónustufulltrúa vinnuvélaflæyrtækja og fékk þar þær upplýsingar að ákærði hefði látið stilla flæyginn inn á eigin vinnutæki hjá [...]. Kvaðst hann hafa í kjölfarið rakið ferðir flæygisins í Urriðaholtið, þar sem hann fannst á vinnusvæði þar sem ákærði var undirverktaki. Fullyrti vitnið að fyrir utan vinnusvæðið sitt, þar sem flæygurinn var tekinn, hefði hann séð hjólför eftir sams konar gröfu og ákærði tengdi síðar við tækið, Komatsu 130 gröfu, og er sams konar og sú sem flæygurinn var tengdur við í [...]. Vitnið kvaðst hafa keypt flæyginn nýjan á 2.000.000 króna hjá umboðinu og fullyrti að það væri hæpið að ákærði hefði keypt þennan og tvo aðra vökvaflæyga á samtals 3.500.000 krónur og sé verðmæti þeirra um 20 milljónir króna. Sagði vitnið að vökvastilla þurfi flæyga inn á gröfur og þegar um er að ræða hjólagröfu þurfi að stilla hana inn á tölvuskjá eins og gert var við gröfu ákærða í [...]. Sagði hann flæygana aldrei hafa verið auglýsta á Facebook en [...] vakti þær auglýsingar. Sagði hann að tæki sem þessi væri einnig hægt að kaupa notuð hjá umboðum. Þau geti flett því upp hverjir hafi keypt tæki hjá þeim. Kvaðst hann hafa

fengið send gögn frá umboðinu, [...], vegna þess fleygs sem hann á og hafa sýnt lögreglu raðnúmer á þeim gögnum sem hafi verið það sama og á þeim fleyg sem fannst.

Vitnið A, [...] ehf., kvaðst hafa orðið var við að vökvaflægur hvarf af vinnusvæði hans seint í júlí 2018. Hefði hann þá talað við umboðið, látið fólk í kringum sig vita og fylgst með Facebook-síðum þar sem svona tæki gangi kaupum og sölum. Hann hefði síðan hringt í [...] vitnisins E og tilkynnt honum að fleygurinn hans hefði fundist í Urriðaholti. Vitnið hefði farið á vettvang og staðfesti að vökvaflægurinn væri með því raðnúmeri sem var á hans tæki og kom í kjölfar í ljós að ákærði var með yferráð yfir tækinu. Vitnið kvaðst hafa starfað í þessum bransa frá barnsaldri og hafi viðskipti með vinnutækin ekki farið fram án pappíra þar sem um sé að ræða tæki sem notuð eru í atvinnurekstri. Sagði hann fleyga ætlaða ákveðinni stærð af vél en gerðin skipti ekki máli. Þó þurfi stundum að gera einhverjar breytingar á fleygum. Sjálfur hefði hann keypt fleyginn einu til tveimur árum áður en honum var stolið og verðmæti hans á þeim tíma hefði verið um 1.000.000 króna. Ólíklegt væri, að hans mati, að ákærði hefði keypt hann og tvo aðra vökvafléyg á samanlagt 3.500.000 krónur. Hann eigi stóran fleyg, eins og einn þeirra sem ákærði var með, og hann kosti um 12 til 15 milljónir króna. Sé það meginreglan að notaðir fleygar seljist á hálfvirði. Einnig kom fram hjá vitninu að þeir sem starfa við þetta fylgist allir með sölusíðum með svona tæki.

Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um hve mikið var búið að nota fleyginn frá því honum var stolið. Hann hefði hins vegar orðið fyrir fjárhagstjóni þar sem búið var að breyta stykkinu sem hraðtengið læsist á. Varði bótakrafa hans útlagðan kostnað við að breyta því og einnig kostnað við að leigja vél í stað þeirrar sem var stolið. Nótan sem fylgi bótakröfu sé tilboð sem hann fékk en hann eigi einnig reikning vegna þeirrar fjárhæðar sem hann greiddi sem var hærri en tilboðið.

### III

#### *Niðurstaða*

Ákærði er í I. ákærulið ákærður fyrir peningaþvætti en hylmingu til vara með því að hafa haft stolna gröfuskóflu í vörslum sínum, sem ákærða hlaut að vera ljóst að aflað var með refsiverðum hætti. Brot hans er í ákæru talið varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en til vara við 1. mgr. 254. gr. sömu laga. Samkvæmt 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940 skal m.a. hver sem tekur við, nýtir eða aflar sér eða öðrum

ávinninga af broti á lögum þessum eða af refsiverðu broti á öðrum lögum sæta fangelsi allt að 6 árum.

Ákærði neitar sök. Hann kvaðst hafa keypt gröfuskófluna á 300.000 krónur af manni sem setti sig í samband við hann í kjölfar þess að ákærði auglýsti eftir slíkri skóflu á sölusíðu á Facebook. Í skýrslu sinni hjá lögreglu sagði ákærði að hægt væri að fletta auglýsingunum upp á Facebook. Fyrir dómi sagði ákærði að hann hefði, þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu, getað sýnt gögn í farsíma sínum, færslur á Facebook þar sem hann auglýsti eftir skóflunni, sem styddu þennan framburð en ekki var óskað eftir því af lögreglu. Af hljóðupptöku af skýrslu ákærða hjá lögreglu sem liggur fyrir í málinu má heyra að ákærði býðst til að senda gögnin af Facebook til lögreglu og sá lögreglumaður sem tók skýrsluna þáði það. Þá liggur auglýsing ákærða ekki fyrir. Fyrir dómi sagði ákærði að hann myndi ekki nafn seljanda og kvaðst hann engar upplýsingar eiga um hann lengur en samskipti þeirra hefðu verið í gegnum símtöl. Þá bar ákærði um það fyrir dómi að hafa enga tilraun gert til að ná sambandi við manninn eftir að í ljós kom að skóflan væri stolin.

Sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag hvílir á ákæruvaldinu og metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Í skýrslu lögreglu kemur fram að skóflan hafi verið tekin af stæði við vélsmiðjuna í maí 2018 en fundist 31. júlí sama ár. Ekki liggur nánar fyrir hvenær skóflan var tekin af stæðinu eða hve lengi ákærði var með skófluna.

Óumdeilt er að skóflan fannst hjá ákærða. Þá telur dómurinn sannað með framburði vitnanna B og C að [...] ehf. var eigandi skóflunnar. Kvaðst C sjálfur hafa smíðað skófluna og að hún væri sérstök smíði og á henni væru áberandi breytingar og þetta staðfesti B í sínum framburði. Ákærði fullyrti að skóflan hefði verið notuð þegar hann keypti hana en vitnin B og C sögðu skófluna hafa verið nýja þegar hún var tekin og C taldi að hún hefði verið lítið notuð þegar hún var endurheimt. Af framburðum vitna verður ráðið að munir sem þessir falli fljótt niður í hálfvirði þegar byrjað er að nota þá. Í ljósi þess skamma tíma, tveggja til þriggja mánaða, sem skóflan var að hámarki í notkun, og útlits hennar við endurheimt, eins og vitnið C metur hana, verður talið trúverðugt að ákærði hafi keypt skófluna á 300.000 krónur hafi hann keypt hana notaða.

Í 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940 er áskilið að um ávinning af broti samkvæmt þeim lögum sé að ræða eða af refsiverðu broti á öðrum lögum. Verður að meta það í ljósi atvika hverju sinni hvort sýnt sé nægilega fram á að ávinningur sé ekki af lögmætum toga. Með hliðsjón af framangreindu er það mat dómsins að sannað sé að skóflunni var stolið frá eiganda hennar og að hún hafi verið í vörslum ákærða sem ólögmætur ávinningur af broti og að hann hafi nýtt sér skófluna í atvinnustarfsemi sinni.

Er það mat dómsins að framburður ákærða sé um margt ótrúverðugur. Eins og hann lýsti sjálfur viðskiptunum hafði hann fulla ástæðu til að hafa varann á sér. Má þar nefna að seljandi svaraði auglýsingu hans í stað þess að auglýsa sjálfur og greiðsla fór fram í reiðufé án þess að greiðslukvittun væri gerð þrátt yfir að ætla megi að viðskipti með skóflur sem þessar fari almennt fram milli aðila í rekstri. Þá má af framburði hans hjá lögreglu ráða að hann hafi strax í upphafi litlar upplýsingar gefið sem hægt var að fylgja eftir til að finna seljanda skóflunnar. Þegar af þessum ástæðum er það mat dómsins að ákærði hafi mátt vita að um þýfi væri að ræða sem hefði verið aflað með ólögmætum hætti en hann engu að síður nýtt það í eigin þágu. Að þessu virtu telur dómurinn nægilega sannað, þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í I. ákærulið, og er brot hans þar talið réttilega heimfært til refsíákvæða sem peningabætti samkvæmt 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði er í II. ákærulið ákærður fyrir peningabætti en hylmingu til vara með því að hafa um nokkurt skeið, fram til fimmtudagsins 27. september 2018, tekið við og haft í vörslum sínum við [...], Garðabæ, tvo vökvaflýga sem ákærða hlaut að hafa verið ljóst að hafði verið aflað með refsiverðum hætti. Brot hans er í ákæru talið varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en til vara við 1. mgr. 254. gr. sömu laga.

Ákærði neitar sök. Kveðst hann hafa auglýst eftir vökvaflýgum á sölusíðu á Facebook. Í kjölfarið hafði samband við hann maður, sem sagðist vera skiptastjóri í þrotabúi, og bauðst til að selja ákærða þrjá vökvaflýga, m.a. þá tvo er greinir í ákæru. Tveimur dögum eftir að fleygarnir voru afhentir ákærða kom lögregla á vettvang og réttmætir eigendur endurheimtu tækin. Ákærði fullyrti að hann hefði átt að fá sendan reikning fyrir fleygunum sem hefði aldrei borist. Ákærði hefur ekki getað gefið upp nafn eða aðrar upplýsingar um seljanda vökvaflýganna og kvaðst enga tilraun hafa gert til að ná í viðkomandi eftir að í ljós kom að um þýfi var að ræða.

Er það mat dómsins að framburður ákærða um atvik sé ótrúverðugur. Þá er til þess að líta að annar fleyganna var tekinn af vinnustað í Mjódd nokkrum dögum fyrr og

liggur fyrir framburður eiganda fleygsins að hann hefði séð á vettvangi hjólför eftir sams konar gröfu og ákærði á. Ákærði hefur ekki gefið trúverðugar skýringar á því með hvaða hætti hann eignaðist fleygana. Eins og hann lýsti sjálfur viðskiptunum þá áttu þau sér stað eftir að lögregla hafði samband við hann vegna skóflunnar sem atvik í I. ákærulið varða. Þótt ekki væri nema í ljósi þess þá hafði ákærði fullt tilefni til að gæta varúðar í viðskiptum með fleygana og ganga úr skugga um að þeir væru ekki illa fengnir. Þá voru einungis tveir dagar liðnir frá viðskiptunum þegar í ljós kom að um þýfi var að ræða og því ótrúverðugt að ákærði hafi ekki haft möguleika á að finna upplýsingar um seljanda þeirra. Að sama skapi er það mat dómsins að framburður ákærða um að samtal hans við seljanda á Facebook hefði verið eytt af vefnum sé ótrúverðugur enda verður slíkt almennt ekki gert nema með tilstilli beggja aðila. Einnig má nefna að seljandi svaraði auglýsingu ákærða í stað þess að auglýsa sjálfur og fóru viðskiptin fram án nokkurra skjala og gegn greiðslufresti. Er það ótrúverðugt í ljósi þess að ákærði taldi að þar væri skiptastjóri að selja eigur í þrotabú og er því sérstaklega ótrúverðugt að slíkur einstaklingur hafi höndlað með eigur þrotabús á þennan hátt. Þá liggur auglýsing ákærða ekki fyrir. Eins og atvikum er háttað verður meðferð ákærða á tækjunum, þ.m.t. notkun þeirra í augsýn annarra, ekki vera talin til marks um grandleysi hans. Loks er það mat dómsins að ákærði hafi við meðferð málsins leitast við að leyna upplýsingum um það hvaðan hann raunverulega fékk munina.

Dómurinn telur að með fullnægjandi hætti hafi verið sýnt fram á að þeir aðilar sem tilgreindir eru í ákæru hafi verið réttmætir eigendur fleyganna. Verðmæti umræddra vökvaflýga er töluvert, svo sem eigendur þeirra staðhæfðu fyrir dómi. Ákærði kvaðst hafa keypt þrjú fleyga á 3.500.000 krónur sem samkvæmt framburði vitna er of lágt verð jafnvel þó að litið sé til þess að tækin falli fljótt niður í hálfvirði eftir að byrjað er að nota þau.

Með vísan til framangreinds er það mat dómsins að ákærði hafi mátt vita að um þýfi væri að ræða og hafði þannig ótvírætt verið aflað með ólögmaetum hætti en hann hafi engu að síður nýtt það í eigin þágu. Að þessu virtu telur dómurinn nægilega sannað, þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í II. ákærulið, og er brot hans þar talið réttilega heimfært til refsíákvæða sem peningaþvætti samkvæmt 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði hefur fyrir dómi skýlaust játað það brot er greinir í III. ákærulið. Um málavexti hvað það varðar vísast til ákæruskjals. Er játning ákærða studd sakargögnum

og verður ákærði hvað það brot varðar sakfelldur í samræmi við ákæru og telst brotið rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði ákærða, dagsettu 28. apríl 2020, gekkst hann 2. mars 2012 undir sektargerð vegna brots gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hefur sakarferill ákærða ekki áhrif við ákvörðun refsingar nú. Ákærði framdi brot sín um mitt ár 2018 og hefur meðferð málsins dregist nokkuð án þess að ákærða verði um það kennt. Með hliðsjón af framangreindu, sakarefni málsins og 77. gr. laga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Í ákæru er getið um bótakröfu A vegna [...] ehf. Ákærði krefst þess aðallega að kröfunni verði vísað frá dómi. Samkvæmt c-lið 2. mgr. 173. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skulu dómkröfur kröfuhafa úr garði gerðar á sama hátt og í stefnu í einkamáli og samkvæmt e-lið sama lagaákvæðis skal í bótakröfu getið um þær málsástæður sem krafa er byggð á. Tjón A er, samkvæmt fylgiskjali með kröfugerð hans, byggt á áætluðum kostnaði viðgerðar vegna tjóns sem varð á fleygnum. Má af fylgiskjalinu ráða að tjónið sé vegna lagfæringa á festingum á sem búið var að breyta þegar fleygurinn var endurheimtur og kostnaðar sem til féll þar sem ekki var hægt að nýta fleyginn þessa daga. Í kröfugerð er þeirri málsástæðu sem byggt er á lýst svo að ákærði hafi valdið skaðabótaskyldu tjóni með því að stela fleyg í eigu fyrirtækisins með þeim afleiðingum að félagið varð fyrir fjárhagslegu tjóni að fjárhæð 478.052 krónur. Er það mat dómsins að á skorti að þar sé með fullnægjandi hætti lýst tilurð tjónsins og þar með þeim tveimur mismunandi forsendum sem liggja að baki kröfunni. Er krafan því ekki tæk til efnislegrar úrlausnar og er henni þegar af þeirri ástæðu vísað frá dómi.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ómars Arnar Bjarnþórssonar lögmanns, 700.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Annan sakarkostnað leiddi ekki af meðferð málsins.

Við uppkvaðningu dómsins er gætt ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Vilhjálmur Reyrr Þórhallsson aðstoðarsaksóknari.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

## **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, Björgvin Viktor Þórðarson, sæti fangelsi í þrjá mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

Einkaréttarkörfu A, f.h. [...] ehf. er vísað frá dómi.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ómars Arnar Bjarnþórssonar lögmanns, 700.000 krónur.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir (sign)